

Ed.

151. Frumvarp

til laga um skipamiðla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, eftir tillögum bæjarstjórna, og að því er Reykjavík snertir, Verslunarráðs Íslands, að löggilda skipamiðla í kaupstöðum.

2. gr.

Enginn getur öðlast löggildingu sem skipamiðill, nema hann sje fullra 25 ára að aldri, valinkunnur maður, fjár síns ráðandi og eigi í þjónustu annara. Í reglugerð, er stjórnarráðið setur, skal nánara ákveðið, hver störf löggiltir skipamiðlar mega hafa á hendi, og enn fremur má með reglugerð ákveða þóknun fyrir tiltekin skipamiðilsstörf.

3. gr.

Hver sá, er öðlast löggildingu sem skipamiðill, skal undirrita drengskaparheit um, að hann vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir þeim reglum, er um það verða settar.

4. gr.

Nú fullnægir löggiltur skipamiðill eigi lengur skilyrðum þeim, er lög þessi setja fyrir löggildingu, og skal stjórnarráðið þá svifta hann löggildingu.

5. gr.

Skipamiðlar skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn, enda beri þeir og ábyrgð á gerðum sínum sem slíkir.